

Viðtal á Göngudeild innkirtla- og efnaskiptasjúkdóma Göngudeild sykursjúkra

Staðsetning: Landspítalinn í Fossvogi - Deild A-3 á 3. hæð. Gengið inn um aðalinngang. Vinsamlega gefðu þig fram við móttöku í skála.

1. Blóðprufur/þvagsýni

Blóðprufur eru teknar á Rannsóknardeild á 1. hæð á Landspítalnum í Fossvogi. Gengið er inn hægra megin við aðalinngang á 1. hæð. Láttu vita að þú sért að fara í viðtal á Göngudeild sykursýki en greitt er fyrir prufur um leið á rannsóknardeild.

Ef sjúklingur á að koma í blóðprufur og skila þvagsýni fyrir viðtal er mikilvægt að sjúklingur komi nokkrum dögum fyrir tíma á göngudeild.

Þvagprufum (miðbuna morgunþvags) skal einnig skilað á Rannsóknardeild einu sinni á ári eða skv. fyrirmælum læknis.

2. Greiðsla fyrir göngudeildargjald - móttaka í skála á 3ju hæð A-3.

Greitt er eftir að viðtal hefur farið fram samkvæmt [gjaldskrá LSH](#).

3. Mælingar í móttöku göngudeildar

Við komu á göngudeild mælir sjúkraliði blóðþrýsting, hæð, þyngd og mittismál.

4. Viðtal við lækni

Gæðafarli LSH byggir á því að betur sjá augu en auga. Vegna vinnufyrirkomulags lækna á deild, má gera má ráð fyrir að þú hittir ekki alltaf sama lækni þegar þú kemur. Við reynum alltaf að tryggja bestu þjónustu sem völ er á og samfelli í meðferð. Búast má við því að ungir læknar og aðrar stéttir í námi séu við störf á deildinni.

5. Afbókun- forföll. Sjúklingur kemst ekki í viðtal

Mikilvægt er að tilkynna forföll tímanlega í síma 543-6040 eða með tölvupósti á netfangið: innkirtladeild@lsh.is

Vinsamlega setjið nafn og kennitölu þess sem á bókaðan tíma í tölvupóstinn.

6. Hafðu með þér blóðsykursmælingar og blóðþrýstingsmælingar.

Það er mikilvægt að sjúklingur taki **alltaf** með sér **blóðsykursmæli** og/eða [sykursýkisdagbókina](#) þar sem skráðar eru upplýsingar um blóðsykursmælingar og blóðþrýsing.

7. Undirbúðu þig fyrir viðtalið. Gott er að skrifa niður spurningar og hafa með. Sjá sjúklingaráðin tíu.

Hugmyndir að umræðuefnum í viðtalinu:

- Reykingar/reykleysisnámskeið
- Blóðsykurfall
- Lyfjameðferð
- Of hár blóðsykur
- Næring
- Veikindi
- Hreyfing
- Sálfræðiaðstoð/félagsráðgjafapjónusta
- Þyngdarstjórnun
- Ráðgjöf fyrir þungun
- Fylgikvillar
- Skoðun hjá tannlækni
- Kynlíf
- Skoðun augnlæknis
- Skimun hjá fóttaðgerðarfræðingi/skimunarstjóra